

1.fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 23. ágúst 2010, kl. 13:00.

Mættir: Kolbeinn Reynisson, Auður Gunnarsdóttir, Ólafur Ingi Kjartansson, Sigrún Jóna Jónsdóttir og Ingólfur Jónsson

Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps kom saman til fundar. Fyrsta leit í Grímsnesi fer af stað föstudaginn 10. september og réttað í Klausturhólum 15. september. Fyrsta leit í Grafningi fer af stað 18. september og réttað verður í Selflatarétt 20. september. Heiðin verður smöluð í fyrstu leit og svo aftur í eftirleit sem farin verður í október. Sama álagning er í ár og í fyrra, bæði á jörð og kind. Dagsverk í Grímsnesi verður 7.000 og 10.000 í Grafningi. Fjárhagsáætlun hljóðar upp á 1.915.000 bæði tekjur og gjöld.

Viðræður hafa staðið yfir við fjallskilanevnd Bláskógabyggðar um að fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps taki við smölun Þingvallasveitarafréttar austan vatna. Fjallskilanevnd leggur til að leitin verði mönnuð 4 mönnum í 3 daga í fyrstu leit, samtals 12 dagsverk á 7.000 kr. og tveimur mönnum í 2 daga í eftirleit samtals 4 dagsverk á kr. 9.000. Alls 120.000 kr.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30